



Reykjavík 16.04.2026

Atvinnuveganefnd  
Nefnda- og greiningarsvið Alþingis  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

**Efni: Umsögn Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur um 582. mál á 157. löggjafarþingi 2025–2026, Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum (einföldun eftirlits)**

Vísað er til tölvubréfs frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis dags. 30. mars 2026 þar sem óskað er umsagnar um 582. mál á 157. löggjafarþingi 2025–2026, Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum (einföldun eftirlits).

Á 172. fundi Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur þann 16. apríl 2026 voru til umfjöllunar áform ríkisins um breytingar á heilbrigðiseftirliti frá sveitarfélögum til ríkisins.

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Samfylkingar, Flokks fólksins, Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins:

*Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur tekur undir þær áhyggjur sem fram koma í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Þær eru í meginatriðum samhjóða gagnrýni og athugasemdum frá heilbrigðiseftirlitum á landsvísu, sveitarfélögum á landinu og Samtökum íslenskra sveitarfélaga. Svo virðist sem fyrirhugaðar breytingar byggji á misskilningi og oftúlkun á tilmælum ESA um stöðu regluverks og eftirlits á sviði heilbrigðismála. Samráð við heilbrigðiseftirlitin og sveitarfélögin sé takmarkað og ekki hafi verið brugðist á neinn hátt við þeim umsögnum og athugasemdum sem þegar hafa komið fram. Betur færi á að tekin yrðu smærri skref til að tryggja aukna skilvirkni á þessu sviði fremur en alger kerfisbreyting.*

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa atvinnulífsins:

*Fulltrúi Samtaka atvinnulífsins vísar til fyrri bókana sinna á fundum Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur 11. september og 19. febrúar sl. Ákvörðun ráðherra umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og atvinnuvegaráðherra er fagnað. Það er áréttað að mikilvægt er að útfærsla og framkvæmd breytinga verði tekin föstum tókum og tryggt verði að Matvælastofnun og Umhverfis- og orkustofnun takist á við breytt hlutverk.*

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur

Tómas G. Gíslason, framkvæmdastjóri

1

